

Aðalfundur foreldrafélags Auðarskóla

26. september 2017

Mættir eru: *Jónína, Björt, Jón Egill, Ester, María Hrönn, Stefanía Björg, Svanhvít Lilja, Þórður, Jónas, Þórunn Björk, Unnur Ásta, Arnar, Dagný Lára, Linda, Elísabet, Pálmi, Hlökkver og Ingveldur*

Fundarstjóri: Jón Egill

Ritari: Stefanía Björg

1. Jónína gerir grein fyrir störfum félagsins síðasta skólaárs
 - Fundur með deildarráði, verkefni skipulögð
 - Leikhópurinn Lotta fyrir leikskóla og yngsta stig
 - Jólaföndur í stað piparkökumálunar
 - Öskudagsskemmtun
 - Elsta stig á samfés
 - Miðstig í menningarferð
 - Vanda Sigurgeirsdóttir

Fundir

Umræðufundir voru haldnir með foreldrum leikskóla og grunnskóla, þar sem fyrirfram ákveðnum spurningum var varpað fram. Skýrslur voru gerðar og þær afhentar skólastjóra. Ljósritum dreift á fundinum svo fólk gæti skoðað.

2. Björt gerir grein fyrir ársreikningi.
Fjárhagsstaða félagsins útskýrð.
Óskað var eftir hærrí styrk en áður og fékk félagið 400 þúsund frá Dalabyggð í stað 200 eins og áður hafði verið.
Árgjaldið í félagið skilaði 64 þúsundum.
Fjáröflun vegna jólaföndurs.
Engar spurningar eða athugasemdir varðandi ársreikning.
3. Hlökkver gerir grein fyrir störfum skólaráðs.
Farið yfir lög um skólaráð.
4. Lagabreytingar.
Í fyrra var ákveðið að taka upp árgjald í félagið. Einnig að kosið yrði til tveggja ára í aðalstjórn.
Engar nýjar tillögur þetta árið.
5. Kosningar

Skólaráð: Jónas Már Fjeldsted situr sitt síðara ár, Carolin A Baare Schmidt og Ásdís Melsteð kjörnar aftur til tveggja ára.

Fræðslunefnd: Þórey Björk Þórisdóttir og Sigríður Fjóla Mikaelisdóttir endurkjörnar en skipta um hlutverk, Þórey verður varamaður og Fjóla aðalmaður.

Stjórn foreldrafélagsins endurkjörin fyrir utan tvo. María gefur ekki kost á sér aftur og Emilía er flutt úr sveitarfélaginu. Í þeirra stað voru kjörin Svanhvít Lilja Viðarsdóttir og Jens Líndal Sigurðsson.

6. Önnur mál.

Þátttaka foreldra í viðburðum á vegum foreldrafélagsins og skólans er ekki góð.

Léleg mæting á Vöndu.

Hvernig má bæta mætingu?

Hugmynd kom um skoðanakönnun, viðburð á fésbók, taka með félagi.

Foreldrar lýstu áhuga á að fá aftur svona viðburð eins og Vöndu fyrir alla, endilega halda áfram að bjóða upp á svona viðburði.

Fundi slitið.

Fundarritari
Stefanía Björg Jónsdóttir